

Skýrsla keppnisnefndar LH 2022

Eftir landsþing LH 27.-28. nóvember 2020 var samþykkt á fundi stjórnar LH að stjórn skipi fimm fulltrúa í keppnisnefnd og hagsmunafélögin HÍDÍ, GDLH og FT einn fulltrúa hvert.

Í keppnisnefnd sitja eftirfarandi:

Einar Gíslason, formaður
Hulda Gústafsdóttir
Ólafur Þórisson
Ómar Ingi Ómarsson
Sigurður Ævarsson, fulltrúi HÍDÍ
Siguroddur Pétursson
Súsanna Sand Ólafsdóttir, fulltrúi FT
Valdimar Ólafsson, fulltrúi GDLH

Störf Keppnisnefndar hafa verið nokkuð hefðbundin á árinu. Þá var tekin nokkuð þétt fundarlota í október með Ólafi Haraldssyni í laganefnd þar sem farið var yfir tillögur hans að breyttri uppsetningu á lögum og reglum LH.

Keppnisnefnd fékk í aðdraganda landsþings allar tillögur sem bárust skrifstofu LH sem sneru að lögum og reglum um keppni og gerði eftir atvikum athugasemdir og sendi aftur á höfunda tillagnanna.

Fyrir úrtökur og Landsmót berast skrifstofu fjölmargar fyrirspurnir um bæði rétt til þátttöku og annað sem snýr að úrtökunni sjálfri. Í tillögum frá Keppnisnefnd sem liggja fyrir þinginu er skýrt skilmerkilega hverjir hafa rétt til þátttöku og hvernig skuli haga tvöföldum úrtökum.

Þá tók Keppnisnefnd reglugerð um Íslandsmót til gagn Gerrar endurskoðunar en markmið nefndarinnar er að gera Íslandsmóti hærra undir höfði á Landsmótsárum og gæðingakeppni hærra undir höfði þegar ekki er Landsmót.

Fyrir hönd keppnisnefndar,

Einar Gíslason
formaður